

Nd.

52. Frumvarp til laga

[44. mál]

um Handritastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Komið skal á fót Handritastofnun Íslands.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslensku þjóðarinnar fyrir og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveislu gagna um þessi efni, rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðiritra og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrjú prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðherra skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

4. gr.

Kveðið skal á um það í reglugerð, hvar Handritastofnunin sé til húsa.

5. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin taki við starfi handritanefndar háskólans.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Til aðstoðar honum séu tveir menn, sem hafi fast og fullt starf við stofnunina.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og annarra skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 50 ára afmælishátíð Háskóla Íslands 6. október 1961 lýsti menntamálaráðherra yfir því af hálfu ríkisstjórnarinnar, að hún hefði ákveðið að leggja til við Alþingi, að komið yrði á fót stofnun til þess að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar, með því að afla og varðveita gögn um þessi efni, sinna rannsóknum á heimildum um þau, hafa með höndum útgáfu handrita og fræðiritra o. s. frv. Í samræmi við þetta hefur ríkisstjórnin tekið í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1962 510 þús. króna fjárveitingu til handrita-stofnunar. Er það miðað við, að starfsfólk verði, eins og í frumvarpi þessu segir, forstöðumaður, sem jafnframt sé prófessor í heimspekideild, tveir aðstoðarmenn, eru séu launaðir eins og starfsmenn við Orðabók Háskóla Íslands, og auk þess styrkþegar, sem hver um sig njóti árlega allt að 50 þús. króna rannsóknarstyrks. Gert er ráð fyrir, að um veitingu á embætti forstöðumanns gildi sömu reglur og um veitingu prófessorsembætta, enda annist hann kennslu við háskólann án sérstaks endurgjalds. Í frumvarpinu er enn fremur heimilað að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og annarra skrifstofustarfa. Fjárveiting sú, sem gert er ráð fyrir til styrkþega og starfsliðs á árinu 1962, nemur 225 000.00 kr. Þegar stofnunin er tekin til starfa og hefur gert áætlanir um útgáfustarfsemi sína, mun ríkisstjórnin gera tillögur um fjárveitingar til þeirra þarfa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að stofnuninni sé stjórnað af nefnd manna, er í séu þrír prófessorar, kjörnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, og auk þeirra landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar, en menntamálaráðherra skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Störf nefndarinnar skulu vera ólaunuð, en forstöðumaður skal hafa sömu laun og prófessorar í heimspekideild.

Í frumvarpinu segir, að kveða skuli á um það í reglugerð, hvar stofnunin sé til húsa. Gert er ráð fyrir því, að fyrst um sinn fái hún aðsetur í Safnahúsinu við Hverfisgötu, en undanfarið hefur verið unnið að nýrri innréttingu á þeim salarkynnum í Safnahúsinu, sem Náttúrugripasafn hafði áður til umráða. Verður þeim framkvæmdum lokið innan tíðar, og eru nýjar endubætur á húsakosti Landsbókasafns í athugun. Telja má og, að Handritastofnuninni sé nauðsynlegt að vera í sem nánustum tengslum við handritasöfn þau, sem eru í vörzlu Landsbókasafns.

Hinn 29. maí 1957 var samþykkt þingsályktun um sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns o. fl. Hefur í því sambandi verið gert ráð fyrir, að reist verði bókasafnshús í næsta nágrenni háskólabýggingarinnar, til þess að sameining safnanna verði framkvæmanleg. Er sameining safnanna og ráðagerð um byggingu bókasafnshúss í námunda við háskólann niðurstaða af athugun nefndar, sem menntamálaráðuneytið skipaði 11. september 1956 og skilaði álit í janúar 1957. Þegar slík bygging yrði reist, væri eðlilegt að ætla Handritastofnuninni rúm í henni.

Þegar lög þau, sem þjóðþing Dana samþykkti á síðastliðnu vori um afhending íslenzkra handrita til Íslands, koma til framkvæmda og koma skal á fót „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi“, ætti hún að verða kjarni þessarar handritastofnunar.

Í 5. gr. frv. er heimilað að skipta stofnuninni í deildir. Væri eðlilegt, að ein deildin fjallaði um örnefnafræði og þjóðfræði, en eigi virðist ástæða til að binda slíkt í lögum, þar eð kveða mætti á um verkaskipting innan stofnunarinnar í reglugerð.

Hins vegar er tekið fram, að Handritastofnun Íslands taki við starfi handritanefndar háskólans, enda er stofnunin beint framhald af starfi nefndarinnar og aukning þess.

Hér á eftir eru prentaðar sem fylgiskjal tillögur, sem háskólaráð sendi menntamálaráðuneytinu „um stofnun í íslenskum fræðum“.

Fylgiskjal.

Um stofnun í íslenskum fræðum.

Háskólaráð telur vel til fallið, að 150 ára afmælis Jóns Sigurðssonar og 50 ára afmælis Háskóla Íslands verði m. a. minnzt með þeim hætti, að komið verði þegar á þessu ári á fót rannsóknarstofnun í íslenskum fræðum með því sniði, sem að neðan greinir.

1. Nafn.

Stofnunin heitir Handritastofnun Íslands.

2. Tilgangur.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslensku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveislu gagna um þessi efni, rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðiritá og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

3. Stjórn.

Yfirstjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, sem kosnir séu af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðherra skipar formann stjórnarnefndar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

4. Húsnæði.

Stofnuninni sé til bráðabirgða fengið húsnæði í Landsbókasafni eða á öðrum stað, sem hentugastur þykir til þess, en til frambúðar verði stofnuninni fenginn staður í nýju húsi fyrir Landsbókasafn, sem reist mun verða á næstunni. Reynt verði að haga safnhúsi svo, þegar það verður reist, að rannsóknarstofnunin verði sérstök álma þess og byrjað verði á að reisa hana.

Stofnunin sé í sem nánustum tengslum við handritasöfn þau, sem í vörzlu Landsbókasafns eru. Þegar til skila kemur á íslenskum handritum, sem nú eru í Kaupmannahöfn, verði þau varðveitt í framangreindri handritastofnun, en sérstakar reglur verði þó settar um þau, svo að þau komi að sem mestum notum. Stofnuninni sé fengið viðhlítandi handbókasafn, en auk þess eigi hún greiðan aðgang að bókum Landsbókasafns.

Stefnt skal að því, að stofnunin hafi lestrarsal, svo og minni herbergi, t. d. sérherbergi fyrir forstöðumann og fasta starfsmenn, herbergi til samlestrar, vélritunar o. s. frv. svo og herbergi fyrir örnefnasafn og þjóðfræðasafn. Tæki séu til lestrar, þar á meðal lampi með útfjólubláu ljósi, svo og tæki til ljósmyndunar.

5. Deildir.

Stofnuninni er rétt að skipta í deildir eftir fræðigreinum, og mætti, ef vildi, hugsa sér fleiri menn til kvadda um stjórn hvernar deildar. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Aðrar deildir mætti hugsa sér til rannsókna og útgáfu rita um íslenska tungu og einkum sögu hennar, bókmenntasögu, svo og útgáfu heimildarrita úr sögu þjóðarinnar og rannsóknir á henni og á réttarsögu og kirkjusögu. Stofnunin taki við starfi handritanefndar háskólans. Enn skal vera deild í örnefnafræðum og þjóðfræðum.

6. Starfslið.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Athugandi er, hvort ekki þyki rétt, að hann sé jafnframt prófessor í heimspekideild með mjög takmarkaðri kennsluskyldu, en beri að leiðbeina þeim nemendum, sem taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Til aðstoðar honum séu tveir menn, sem hafi fast og fullt starf við stofnunina, skal annar vinna að örnefnum og þjóðfræðum.

Auk þess þykir rétt að gera ráð fyrir þremur styrkþegum, sem ráðnir séu til starfa um skemmri tíma í senn. Vel mætti hugsa sér að skipta styrk milli tveggja manna, og ynni þá hvor um sig styttri tíma en þeir, sem fulls styrks njóta.

Starfsmenn safnsins láti í té nokkra kennslu í lestri handrita, forskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir kunna að vera sérfróðir í, t. d. þjóðfræðum og örnefnafræðum. Mætti hugsa sér þá kennslu að nokkru eða öllu leyti í háskólanum. Auk þess þyrfti stofnunin á að halda starfsmönnum til vélritunar og ljósmyndunar.

Háskólaráð veur jafnframt athygli á hinn brýnu nauðsyn, sem á því er, að hafinn verði á þessu ári undirbúningur að því að reisa Landsbókasafnshús, og telur háskólaráð, að vel færi á því, að það væri tengt minningu Jóns Sigurðssonar á sama hátt og Þjóðminjasafnshús var tengt minningunni um lýðveldisstofnun.